

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 216/2012****2013/EES/18/12****frá 7. desember 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/347/ESB frá 19. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2004/388/EB varðandi skjal um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 2. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/388/EB) í XXIX. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32010 D 0347**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/347/ESB frá 19. júní 2010 (Stjtíð. ESB L 155, 22.6.2010, bls. 54).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/347/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. desember 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 155, 22.6.2010, bls. 54.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.